

Reykjagarður hf.
Magnús Huldar Ingþórsson
Fosshálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík, 11. júní 2020
UST202003-040/gf
08.12.02

Varðar fyrri vettvangsferð (eftirlit) í þauleldi Reykjagarðs að Ásmundarstöðum 2020

Þann 28.5.2020 sl. fór fram eftirlit í alifuglaeldi Reykjagarðs að Ásmundarstöðum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram. Sjá meðfylgjandi skýrslu.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Einar Halldórsson

Afrít: Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Reykjagarður Ásmundarstöðum



Dags eftirlits	28.5.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Reykjagarður	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Ásmundarstaðir	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6509032180	Flokkur	Þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Huldar Ingþórsson	ÍSAT nr.	01.47.1
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Hilmarsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik fundust í eftirliti en ábendingar voru gerðar um merkingar hrægáma og upplýsingagjöf til verktaka sem þjónusta búið með flutning á sjálfdauðum hænum og kjúklingum (áhættuflokkur 2 í reglugerð nr. 674/2017).

UMFANG EFTIRLITS

Fulltrúar rekstraraðila voru Magnús Huldar Ingþórsson og Jóhanna Hilmarsdóttir en Gottskálk Friðgeirsson mætti frá Umhverfisstofnun.

Rekstraraðila er með starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlandssvæðis, 23. september 2010 og gildir til 2023.

Umfang eftirlitsins var eftifarandi:

1. Aukaafurðir dýra og aðkoma Umhverfisstofnunar
2. Áhættumat til ákvörðunar á tiðni eftirlits
3. Kröfur í starfsleyfi og niðurstöður síðasta eftirlits
4. Mengunaróhöpp og skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017
5. Skoðunarferð

Ásmundarstaðir í Ásahreppi er skilgreint sem þauleldisbú. Með alifuglaeldi er átt við bú þar sem hænsnfuglar eru aldir til framleiðslu á kjöti eða eggjum til manneldis. Á búinu eru varphænur af gerðinni ROSS 308 í 8 stofnhúsum með u.p. b. 23.000 fuglastæði (8252 m^2) og kjúklingaeldi í 16 húsum með um 156.800 fuglastæði (3606 m^2).

1. Rætt var um nýlega reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Reglugerðin setur sjálfdauð dýr (þ.e. dýr sem deyja á annan hátt en með slátrun eða aflifun til manneldis þ.m.t. dýr sem eru aflifuð vegna sjúkdómsvarna) í áhættuflokk 2.

Sjálfdauðum dýrum (dýrahraðum) á Ásmundarstöðum er safnað í kör á a.m.k. tveimur stöðum á lóðinni. Verktaki tæmir körin en krafa er sett á rekstraraðila að leiðbeina honum um að förgunarleiðir til samræmis við 13. grein reglugerðar nr. 674/2017. Rekstraraðila er bent á að:

- a. merkja safnilát fyrir dýrahrað á Ásmundarstöðum og að
- b. skilgreina úrganginn í þjónustusamningi þar sem samið eru um tæmingu kerjanna.

Gámastöðin ehf. sér um förgun úrgangs og hræja frá búinu.

2. Farið var yfir áhættumat fyrir þauleldisbúið og hlustað á athugasemdir rekstraraðila. Engin vatns- eða náttúruverndarsvæði eru nálæg búinu og allir íbúar eru tengdir rekstrunum eða afkomendur fyrrum rekstraraðila. Svæðið er deiliskipulagt fyrir kjúklingabú og samþykkt í hreppsnefnd Ásahrepps árið 2006.

3. Hellatún er með starfsleyfi heilbrigðisnefndar og var það ákveðið að undanskilja það frá eftirliti Umhverfisstofnunar þó Hellatúns sé getið í starfsleyfi Ásmundarstaða. Farið var yfir frávik og athugasemdir síðustu ára. Skoðaður var frágangur við olíugeyma og staðfest að frágangur við olíugeyma væri fullnægjandi. Því fráviki vegna olíugeyma lokað. Öllum frávikum síðustu ára hefur því verið lokað.

Rekstraraðila var bent á að innleiðing BAT niðurstaðna væri hafin og þörf á að máta stöðu búsinum við BAT kröfur sem taka gildi árið 2021.

Farið var yfir áætlanir og skýrslur rekstraraðila.

Átta rotþrær, þ.e. fjórar við stofnahús og fjórar við eldhús taka við frárennslu frá búinu. Þrifaverktakar eru Traustfang ehf. sem þrifur stofnfuglahús og Páll Melstað sem þrifur eldhús. Holræsahreinsun og stíflupjónusta Suðurlands sér um tæmingu rotþróa og akstur seyrunnar í Kólkunarstöð fyrir seyru á Flúðum. Tæming rotþróa fer fram einu sinni á ári.

Ryk, lykt og hávaði hafa ekki verið vandamál á búinu og engar kvartanir borist.

Hænsnaskítur frá búinu fer að langmestu leyti til Landgræðslu ríkisins þar sem hann er notaður til áburðar. Eithvað er þó flutt að Flúðum þar sem skíturinn er nýttur til jarðgerðar (mest 400 tonn) og eins er einn aðili sem framleiðir áburð

úr hænsnaskít til endursölu (mest 20 tonn). Bændur í þjórsártúni hafa líka leyfi til að nota 60 tonn af hænsnaskít til áburðar.

4. Verkefni Umhverfisstofnunar með heilbrigðisnefndum um söfnun upplýsinga um neyslu-, húsa-, og lausageyma var kynnt og rekstraraðili hefur sett málið í farveg með sóluaðila eldsneytis og stefnt er að skráningu verði lokið í júní / júlí og upplýsingarnar berist til stofnunarinnar fljóttlega eftir það.

5. Farið var í skoðunarferð um svæðið og ekki var tilefni til athugasemda.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila var bent á að merkja gáma fyrir sjálfdaðan fugl sem verktakar fjarlægja.
2. Rekstraraðila var bent á að skilgreina sérstaklega aukaafurðir dýra (hræ) í þjónustusamningi við verktaka sem tæmir gámana.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.06.2020



Gottskálk Friðgeirsson